

## Námsnefnd

Námsnefnd er starfandi við Dalvíkurskóla. Nefndin er skipuð átta fulltrúum nemenda úr 7. -10. bekk, tveimur fulltrúum kennara eldra stigs og stjórnenda. Nefndin gerir sér starfsáætlun árlega og er hlutverk hennar að vera vettvangur fyrir nemendahópinn að koma skoðunum, viðhorfum og óskum sínum á framfæri, auk þess að veita kennurum aðhald og ráðgjöf varðandi ýmislegt sem snertir nám og kennslu.

Námsnefnd getur lagt til breytingar á kennsluháttum, áherslum í skólastarfi og skipulagi þess. Milli funda er það hlutverk nemenda sem sitja í námsnefnd að kynna hugmyndir nefndarinnar fyrir nemendahópnum í heild og kanna hug hópsins til þess sem nefndin hefur til umfjöllunar hverju sinni. Bekkjarfundir verða notaðir til að viðra hugmyndir sem fara inn í námsnefnd.

Uppfært ágúst 23